

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölunnar sem er í eigu íslenskra kúabænda. 2. tbl. október 2023

Útgefandi: Auðhumla og MS – Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson

Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunn@ms.is – Prentun: Litla prent



Sællegar kýr úða í sig heyi. Ljós. Arnaldur Halldórsson.

Góð sala mjólkurafurða kallar á hækkun greiðslumarks

Fyrstu níu mánuði ársins er sala mjólkurafurða ríflega 2% meiri en á sama tíma í fyrra. Framleiðsla mjólkur er sömuleiðis 2,5% meiri nú fyrstu 39 vikur ársins en á sama tímabili í fyrra. Framleiðendur hafa svarað kalli um að mæta aukinni eftirspurn sem má ekki síst rekja til fjölgunar ferðamanna. Þá hefur landsmönnum hefur einnig fjölgað umfram spár.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa nú gert tillögu um að greiðslumark ársins 2024 verði 151,5 milljónir lítra.

Einkar jákvætt er einnig að dregið hefur úr misvægi í sölu á fitugrunni annars vegar og próteingrunni hins vegar. Það er því bjart yfir söluhorfum mjólkurafurða.

Það verður þó ekki litið fram hjá þeim erfiðleikum sem bændur glíma við í rekstrarhliðinni um þessar mundir.

Verðlagsgrundvöllur kúabús hefur t.d. ekki endurspeglad gríðarlegar vaxtahækkanir sem kemur þungt niður í rekstri það sem veltuhraði fjármagns er hægur. Nánar í leiðara á bls. 3-4.

Fernuflug 2023

gefum orðunum vængi

„Hvað er að vera ég?“

Mjólkursamsalan hefur frá árinu 1994 beitt sér fyrir eflingu móðurmálsins með fjölbreyttum leiðum og hafa stærstu og sýnilegustu verkefni okkar verið sérstök íslenskuátök á mjólkurfernum MS. Markmið átakanna hefur ávallt verið að rækta móðurmálið og draga fram fjölbreytileika íslenskunnar á skemmtilegan hátt og er því gaman að segja frá því ákveðið hefur verið að blása lífi í textasamkeppnina Fernuflug meðal nemenda í 8.-10. bekk nú í upphafi nýs skólaárs en keppnin var síðast haldin árið 2006.

Yfirskrift Fernuflugsins er „Hvað er að vera ég?“ og geta þátttakendur skrifað ljóð, örsögu, óformlega hugleiðingu eða hnitmiðaða yfirlýsingu svo dæmi séu tekin. Í heild verða um 60 textar valdir til birtingar á mjólkurfernum ásamt nöfnum höfunda og veitt verða vegleg peningaverðlaun fyrir þrjá bestu textana að mati dómnefndar en 1. sæti hlýtur 300.000 kr., 2. sæti 200.000 kr. og 3. sæti 100.000 kr.

Úrslit verða tilkynnt á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og stefnt er að því að efnið birtist fyrst á mjólkurfernum MS í byrjun árs 2024. Sérstakur verndari keppninnar er Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra Íslands og á hann jafnframt sæti í dómnefnd ásamt fulltrúum frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Íslenskri málnefnd og starfsfólki í markaðsdeild MS.

Góð sala mjólkurvara

Sala mjólkurvara á árinu er góð og er ríflega 2% yfir sama tímabili fyrra árs.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá söluaukningu í drykkjarmjólk þar sem gamla góða nýmjólkinn dregur vagninn.

Það munar um 140 tonna söluaukningu osta. Hleðslan leiðir aukninguna í bragðbættri mjólk og skyrið selst gríðarlega vel þar sem nýja púff skyrið er vinsælast.



Abt-mjólk í nýjum umbúðum

Abt-mjólkina frá MS þekkja flestir en 30 ár eru nú liðin frá því að þessi vinsæla vara kom á markað. Áferðamjúk og bragðgóð jógúrtin og stökkt kornið er ómissandi hluti af fjölbreyttu mataræði margra en vörurnar innihalda hina heilnæmu a- og b-gerla sem treysta mótstöðuafli líkamans í meltingarvegi og gera þannig óæskilegum gerlum erfitt uppdráttar. Í tilefni þessara tímamóta er Abt-mjólkinn nú kominn í nýjar tveggja hólfa umbúðir og þótti tilvalið að uppfæra útlit umbúðanna í takt við nýja tíma.

„Við hönnun á nýju umbúðum vildum við halda í hvítan grunnlit en gera meira úr fallegum litum til að aðgreina bragðtegundirnar og bættum við mynd af skeið þar sem topplokið með skeiðinni hefur verið fjarlægð,“ segir Halldóra Arnardóttir, markaðsstjóri ferskvara hjá MS. „Engar breytingar hafa verið gerðar á vörunni sjálfri en við erum stolt að segja frá því að umbúðirnar innihalda minna plast en áður og endurvinnsluflokkun er einfaldari þar sem bæði dós og lok flokkast saman.“

Abt-mjólkinn fæst í fjórum bragðtegundum og hentar vel sem morgunverður eða millimál þar sem hún hjálpar okkur að skapa stöðugleika í líkamanum og lífinu með góðum gerlum og góðu bragði.

www.audhumla.is

Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-sept 2022	Jan-sept 2023	Mism	%	Áætlun 2023	Mism	%
Smjör/Smjörvi	1.748	1.777	29	1,7%	1.784	-7	-0,4%
Ostar	4.790	4.930	140	2,9%	4.871	59	1,2%
Duft	998	1.021	23	2,3%	1.018	3	0,3%
Samtals KG	7.536	7.728	191	2,5%	7.672	55	0,7%


Hvít mjólk	16.917	17.060	142	0,8%	16.656	404	2,4%
Bragðb mjólk	3.579	3.964	386	10,8%	3.654	310	8,5%
Skyr/Jógúrt	6.080	6.303	223	3,7%	6.183	120	1,9%
Rjómvörur	2.178	2.098	-81	-3,7%	2.192	-94	-4,3%
Annað	171	129	-42	-24,7%	166	-37	-22,5%
Samtals Ltr	28.925	29.553	628	2,2%	28.857	697	2,4%

Uppsöfnuð sala í m.kr

	Jan-sept 2022	Jan-sept 2023	Mism	%	Áætlun 2023	Mism	%
Samtals	23.206	26.633	3.427	14,8%	25.943	690	2,7%

Mikil aukning ferðamanna skilar okkur þessari góðu sölu en skv Hagstofu Íslands voru gistinætur ferðamanna hér á landi um 13% fleiri en á sama tíma í fyrra.

Uppsafnaðar skráðar gistinætur 2018-2023



Núna í október höldum við upp á OSTÓBER þar sem landsmenn eru hvattir til að gæða sér á úrvali íslenskra osta, hægt er að nálgast upplýsingar um Ostóber inn á vefslóðinni <https://www.ms.is/vorumerki/ostober> /AHM

Frá stjórn og forstjóra

Í þungri stöðu

Mjólkurframleiðslan er nú í fjárhagslega mjög þungri stöðu og hefur verið um nokkurt skeið. Það hefur sigið í þessa átt jafnt og þétt á löngum tíma og herti enn frekar á þegar heimsfaraldur brast á 2020. Samhliða og í kjölfar faraldursins urðu truflanir á framleiðslu og flutningakeðjum rekstraraðfanga jafnt hjá bændum sem og framleiðslu-fyrirtækjum. Þessu fylgdu einnig verðhækkunarir á aðföngum.

Þegar faraldrinum tók að linna og margir væntu þess að ýmsar aðstæður gætu farið að snúast til fyrra horfs tók við alvarlegt ástand með innrásarstriði Rússa í Úkraínu – það sem ríkir enn eins og allir vita. Það þarf ekki að lýsa alvarleika þessa frekar, við gerum okkur öll grein fyrir þeim aðstæðum. Við þetta stríðsástand hófst ferli sem leiddi til enn frekari verðhækkana á ýmsum aðföngum. Slíkar hækkunarir höfðu ekki sést í rúman áratug.

Helstu áhrifaþættir

Í rekstraraðstæðum mjólkurframleiðslu er hægt að tiltaka verðhækkun nokkurra afmarkaða aðfanga sem hafa vegið hvað þyngst í því að þrengja rekstraraðstæður mjólkur-framleiðslunnar. Þar má helst nefna eftirfarandi.

Verð á orku, áburði og korni

Hækkun á olíu og gasi, og þar með rafmagni, fer með beinum og óbeinum hætti inn í framleiðslukostnað á aðföngum til landbúnaðar. Raforkuverð í Evrópu margfaldaðist í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu þar sem raforku-framleiðsla byggir m.a. að stórum hluta á notkun á gasi. Þetta hafði m.a. bein áhrif á framleiðslukostnað á áburði þar sem helsta framleiðsluáðferð N-áburðar í dag byggir á gasnotkun. Önnur hráefni hafa einnig lengi komið frá Rússlandi en viðskiptabann hefur kollvarpað þeim viðskiptum. Allt þetta leiddi til tvöföldunar á áburðarverði um tíma sem leiðir síðan m.a. til hækkunar á framleiðslukostnaði korns.



Auk þessa má nefna truflanir á framleiðslu og útflutningi korns frá Úkraínu eftir innrás Rússa í landið sem hefur raskað framboði á heimsmarkaði. Þetta ásamt röskun á flutningakerfum, hækkun eldsneytisverðs og aðrar viðskiptaáðstæður haf leitt til umtalsverðrar hækkunar á kjarnfóðri til bænda.

Það má segja að fyrrnefndir þættir hafa bein og óbein áhrif hver á annan og valda því víxlverkun verðhækkana í gegnum margþætt ferli þeirra. Allar þessa aðstæður sem hér hafa verið nefndar hafa eðli máls samkvæmt leitt til mikillar verðbólgu innan sem utan Evrópu og þar með talið hér á landi. Ekkert land er undanskilið – svo víðtæk eru áhrif þessa ástands.

Verðbólga og fjármagnskostnaður

Þau úrræði sem Seðlabanki Íslands hefur til umráða til að reyna að sporna við verðbólgu og halda henni innan opinberra viðmiðunarmarka, eru fyrst

og fremst fólgin í hækkunum á stýrivöxtum til að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Stýrivextir hafa hækkað umtalsvert, eða úr 0,75% - 9,25% á tímabilinu maí 2021 til ágúst 2023. Þetta hefur gerst í alls 14 hækkunum á tímabilinu. Stýrivaxtahækkun veldur öllum lántakendum, og þar með bændum, miklum kostnaðarauka og sérstaklega þeim bændum sem hafa staðið í miklum fjárfestingum með tilheyrandi lántökum. Þar geta aðstæður orðið illviðráðnalegar. Aðkoma stjórnvalda verður einfaldlega að koma til í þessu ástandi.

Það má segja með rökum að sú mynd blasi við almenningi í landinu að stýrivaxtahækkunarir sem ákveðnar eru sem aðgerð til lækkunar á verðbólgu, hafi þær aukverkanir að þær leiði óhjákvæmilega til hækkandi verðlags og þar með til aukinnar verðbólgu. Það er hinn almenni skilningur fólks í landinu og því mikilvægt að öðrum aðgerðum, en eingögnu vaxtahækkunum, verði beitt til að takast á við vandann.

Staða og horfur - komandi mánuðir

Að framsögðu um þær aðstæður sem hafa ríkt að undanfögnu, þá er einnig nauðsynlegt að fjalla um það í hvaða átt hlutir virðast vera að snúast skv. nýjustu upplýsingum. Þar virðast ýmsir jákvæðir þættir vera að raungerast og snúast til betri vegar og verðum við að vona að sú þróun geti haldið áfram.

Hrávörumarkaðir

Á hrávörumörkuðum má sjá að verðlækkun hafi átt sér stað á heimsmarkaði m.a. í kornverði til fódurgetar og sama má sjá í þróun á heimsmarkaðsverði á áburði. Svo virðist að aðilar hafi náð að aðlaga sig að einhverju leiti að breyttum aðstæðum, bæði í hrávöruframleiðslu og flutninga- og viðskiptaaðstæðum.

Sterk staða sölu mjólkurvara og í framleiðslu mjólkur

Á fyrstu 8 mánuðum ársins 2023 hefur sala mjólkurvara verið mjög góð og vísbendingar um sölu í nýliðnum september mánuði sýna sömu þróun. Þetta er grundvallaraðtriði í starfsemi afurðastöðva. Útlit er fyrir að áfram verði bjart yfir söluhorfum.

Greiðslumark yfirstandandi árs er 149 milljónir lítra en var 146,5 milljónir lítra fyrir síðasta verðlagsár 2022. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa sent inn söluáætlun mjólkurvara fyrir næsta verðlagsár ásamt tillögu til Framkvæmdanefndar búvörsamninga um greiðslumark ársins 2024. Þar er gerð tillaga um sambærilega aukningu greiðslumarks og á síðasta ári, eða um 2,5 milljónir lítra. Það samsvavar til 1,68% aukningu á milli ára. Gangi þetta eftir verður greiðslumark ársins 2024 151,5 milljónir lítra. Lögð er áhersla á að ákvörðun verði tekin sem fyrst og upplýsingum komið til mjólkurframleiðenda svo fljótt sem auðið er.

Hvað er til ráða

Verðlagsgrundvöllur kúabús

Á vegum verðlagsnefndar búvöru er hafin endurskoðun á verðlagsgrundvelli kúabús. Miklar vonir eru bundnar við niðurstöðu hennar enda er nauðsynlegt að fá réttara mat á rekstrarfor-

sendum kúabúa. Eins og aðstæður eru í dag, m.a. m.t.t. fjármagnskostnaðar í búrekstri, kemur það bersýnilega í ljós hversu rangur grundvöllurinn er og afleiðingar á röngu kostnaðarmati koma sterklega fram. Það er alvarleg staða fyrir greinina. Þetta verður að laga og munum við beita öllum okkar kröftum til að það gerist eins fljótt og örugglega og kostur er.

Ríkisstuðningur

Þegar litið er til stöðu mjólkurframleiðslunnar eins hún er í dag þá snýst viðfangsefnið um það hvort stjórnvöld séu tilbúin að grípa inn og tryggja forsendur fyrir áframhaldandi matvælaframleiðslu í landinu. Verkefnið er að slíku umfangi. Skoða þarf ýmsar aðstæður sem við höfum ekki beint sjónum okkar nægjanlega að á undanfögnu árum og finna aðrar leiðir til lausnar.

Mjólkurframleiðslan hefur þurft að mæta formlegum og óformlegum hagræðingarkröfum í gegnum búvörsamninga undangengna tvo áratugi. Umfang þeirra hefur langt í frá verið metið að fullu til fjár gagnvart bændum. Nærtækast er að nefna til þá staðreynd að 2005 var ríkisstuðningur til framleiðslu fyrir innanlandsmarkað festur við 106 milljónir lítra mjólkur. Öll magntenging var rofin frá þessum tíma og ekkert tillit hefur verið tekið til né skoðað hvort greinin hafi haft möguleika á að mæta þessu að öllu eða einhverju leiti með hagræðingu. Né heldur hvort þessum breyttu forsendum hafi verið mætt með tekjuskerðingu bænda. Allt bendir til þess að svo hafi verið og að kúabændur

hafi ekki fengið þær launahækkanir sem samið hefur verið um örðum til handa í samfélaginu á undanfögnu árum. Launagreiðslugeta kúa hefur ekki staðið undir þeim.

Langtímafjármögnun og aðgengi að hagkvæmu lánsfjármagni

Það má segja að mjólkurframleiðsla í landbúnaði sem atvinnugrein, þurfi eðli máls samkvæmt að búa við mikla fjárbindingu til langs tíma í aðstöðu og tækjum. Greinin stendur á ákveðnum krossgötum um þessar mundir. Það má skýra með því að kostnaður við fjármögnun í greininni er langt umfram það sem hún getur staðið undir í núverandi vaxtastigi.

Að öllu framsögðu þá er ljóst að núverandi aðstæður eru svo íþyngjandi og alvarlegar að sú spurning vaknar hvort ekki sé nauðsynlegt að flyta gerð nýs búvörsamnings þar sem lögð verði megin áhersla á það tvennt að (1) endurskoða umfang og viðmiðun ríkisstuðnings við framleiðsluna og (2) að skoða færar leiðir til þess að tryggja að landbúnaðurinn hafi aðgang að langtímalánum til uppbyggingar og fjárfestinga á viðráðanlegum vaxtakjörum.

Það er gömul staðreynd og ný að forsendur matvælaframleiðslu í landinu verða ekki tryggðar til lengri tíma án aðkomu stjórnvalda.

Elín M. Stefánsdóttir

Ágúst Guðjónsson

Pálmi Vilhjálmsson

Bændavefur Auðhumlu svf.

Ástæða er til að benda mjólkurframleiðendum á að nýta sér bændavef Auðhumlu svf. á vefnum www.audhumla.is Þegar ýtt er á „Bændavefur“ á efstu stiku síðunnar er óskað eftir notendanafni og lykilorði. Þegar það hefur verið innskráð hafa bændur aðgang að mjög góðum upplýsingum um sína mjólkurframleiðslu s.s. mjólkurinnlegg, mjólkursýni, (bæði tanksýni og kýrsýni) og ýmis stöðugröf sem sýna stöðu hvers og eins framleiðanda miðað við heildina.

Notendanafn og lykilorð inn á bændavefinn má nálgast á skrifstofu Auðhumlu svf. í síma 450 1106 eða 450 1107. Einnig má senda tölvupóst á netfangið audhumla@audhumla.is

Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri

Fríar fitusýrur í mjólk

Vandamál með há gildi frírra fitusýra í mjólk eru nokkuð algeng og getur verið mjög erfitt að ráða við þau og komast að hvað veldur. Stundum eru þetta viðvarandi vandamál í lengri tíma, en yfirleitt koma þau og fara og ástæðurnar geta verið margvíslegar. Mjólk með háu gildi FFS þýðir að mjólkinn er með hátt innihald af fríum fitusýrum sem lípasaensím hafa klofið frá fitunni. Lípasi er ensím sem klýfur fituna í mjólkinni í fitusýrur og glycerol, það eykur á fríu fitusýrurnar sem gefur mjólkinni óbragð.

Mjólkurfita er uppbyggð af fitusýrum í samböndum við glycerol sem er bundið saman í fitukúlur. Utan um þessar fitukúlur er himna. Þegar þessi himna rofnar fá lípasaensímmin greiðan aðgang til að kljúfa fitusýrurnar frá glycerolinu. Himna þessi er mis sterk allt eftir hvar á mjaltaskeiðinu kýrnar eru. Á seinni hluta mjaltaskeiðsins, þegar er farið að minnka í kúnum, stækka fitukúlurnar í mjólkinni og verða þar af leiðandi einnig viðkvæmari og eiga auðveldara með að rofna. Gott er að fylgjast vel með niðurstöðum kýrsýna, en þar koma FFS gildin fram fyrir hverja og eina kú.

Mjólk úr kúm sem eru að auka nytina eftir burð getur líka verið með hátt FFS gildi, en oftast er þá ástæðan orkuskortur hjá kúnum. Ef kýr, sem eru tiltölulega nýbornar, fá ekki nægilegt magn eða hentuga tegund af kjarnfóðri eða komast ekki yfir að éta nægilegt magn gróffóðurs fara þær að ganga á eigin fitufórða. Mjólk sem er búin til úr þess háttar orku er mjög viðkvæm og á fituhimnan utan um fitukúlurnar auðvelt með að rofna. Mikilvægi þess að hafa vel verkað gróffóður er augljóst, blautt gróffóður hefur neikvæð áhrif á FFS í mjólk af því að kýrnar komast ekki yfir að éta eins mikið af blautu heyi eins og þurru heyi, en einnig þarf að tryggja að ekki séu þrengsli við fóðurgang. Mikil fita í fóðri eykur oft líkurnar á að FFS hækki, því er mælt gegn að nota kjarnfóður með viðbætti fitu ef fitusýruvandamál eru á bænnum.

Mikilvægt er að fylgjast með sjálf-

virkum kjarnfóðurbásun. Mörg dæmi eru um að FFS gildi hafa hækkað í mjólk vegna þess að kjarnfóðurbásar skammti ekki rétt miðað við uppgefna fóðurtöflu. Rétt er að yfirfara þessa hluti mjög reglulega, það geta myndast stíflur í lögnum og vigtir geta bilað. Það getur svo orsakað það að kýrnar fái ekki það



magn af kjarnfóðri sem búist er við að þær fái og orkuskortur fari þá að gera vart við sig.

Samhengi er á milli fituhlutfalls í mjólk og stærð fitukúla. Gott er að gefa kúnum E-vítamín aukalega þar sem E-vítamín styrkir frumuhimnur. E-vítamín geymist hinsvegar illa í heyjum.

Meirihluti mjólkur á Íslandi kemur frá mjaltapjónabúum. Mjaltatiðni getur auðveldlega haft mikil áhrif á FFS í mjólk. Kýr sem eru að mjólka um eða undir 20-25 kg/dag eiga ekki að hafa mjaltaheimild nema á 9-10 klst fresti og þær kýr sem eru að mjólka meira en 25 kg/dag mega mæta til mjalta á 6-7 klst fresti. Of tíðar mjaltir geta aukið FFS gildi.

Algeng orsökinn fyrir háu FFS gildi í mjólk er tæknilegs eðlis, það er meðferð mjólkurinnar. Ef FFS gildin hækka allt í einu er ástæðan oft sú að mjólkinn verður fyrir of harkalegri meðferð vegna til dæmis loftleka í mjaltakerfi. Fara þarf

yfir mjólkurlagnir, pakkningar, mjólkurdælu o.s.frv. Einnig þarf að hugsa út í hvernig tankurinn meðhöndlar mjólkina, en ef vandamál eru með FFS gildi í mjólkinni, þá getur meðferð mjólkurinnar í tanknum gert það að verkum að FFS gildin hækki enn meir. Ef ekki er nægur kælivökvi á mjólkurtanknum eru líkur á því að mjólkinn ofkælist og jafnvel frjósi, það veitir ekki á gott ef mjólkinn er viðkvæm fyrir. Ef tankurinn er lengi að kæla mjólkina, þá eru líkur á því að hrært verði of lengi í mjólkinni í einu og er það sérstaklega slæmt ef lítið er í tanknum. Í þannig tilvikum þarf að sjálfsögðu að láta skoða tankinn, en það er líka æskilegt að nytháar kýr komi sem flestar í mjaltir strax eftir að búíð er að tæma tankinn, þannig að þokkalegt magn komi í tankinn sem fyrst og þar með minnka líkurnar á of harkalegri meðferð í tanknum, en þetta á einungis við ef hráefni er viðkvæmt í grunninn. Ef mjaltapjóninn er ekki fullnýttur getur verið sniðugt að loka fyrir aðgengi að honum í einhvern tíma (u.þ.b. 2 klst) eftir losun og þvott, þannig að komi röð í mjaltir og þokkalegt magn komi í tankinn á tiltölulega stuttum tíma. Einnig má biðja með að setja tankinn í gang þar til magnið í tanknum er komið upp á hálfan hrærspaða hið minnsta, þó þarf að passa að ekki líði of langur tími þar til tankurinn er settur í gang, annars er mikil hætt á að líftalan í mjólkinni hækki.

Tekið skal fram að tankurinn sjálfur er sjaldnast vandamálið þegar fitusýrur í mjólk eru annars vegar, það er að segja að tankurinn rýfur ekki fituhimnuna ef mjólkinn í grunninn er í góðu lagi, en meðferð í tank getur aukið FFS gildin ef mjólkinn er viðkvæm. Aðalatriðið er að fylgjast vel með niðurstöðum tank- og kýrsýna.

Þetta er ekki tæmandi listi, en algengustu vandamálin hafa hér verið nefnd. Gæðaráðgjafar Auðhumlu eru alltaf til í viðræður um þetta efni sem og annað er varðar mjólkurgæði.

Elin Nolsöe Grethardsdóttir



Innvigtun, sala og birgðir

Framleiðsla mjólkur 2023


Frá upphafi árs 2023 hefur innvigtunin aukist um 2,7 millj. lítra eða 2,5%, sjá mynd 1. Ef sama tímabil er borið saman við 2021 þá er aukningin 0,6% eða um 700 þús lítrar. Síðustu tvær vikur hefur vikuaukningin verið um 100 þús lítrar m.v. sömu vikur 2021 og 70 þús lítrar m.v. sömu vikur 2022.

Sala mjólkur og útlutningur

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. september 2022 – ágúst 2023, var samanlögð mjólkurframleiðsla 150,8 milljónir lítra sem er um 3% meiri framleiðsla en 12 mánuðina þar á undan. Þetta kemur fram í töflu 1. Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam 149,2 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 131,7 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 1,7 % á tímabilinu og á próteingrunni um 4,2 %. Sala á fitugrunni var 17,5 millj. lítrum meiri en sala á próteingrunni á síðustu 12 mánuðum.

Mjólkurframleiðsla umfram sölu á próteingrunni var um 19,1 milljónir lítra s.l. 12 mánuði og um 1,6 milljónir lítra umfram sölu á fitugrunni. Sala á próteingrunni síðustu 12 mánuði var um 88,4% af heildargreiðslumarki ársins 2023 á sama tíma og sala á fitugrunni var um 100,1 % af heildargreiðslumarkinu eða 0,1% meiri. Rétt er að vekja athygli á mismun í ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili (-2.178.669 ltr) en það leiðir til þess að innanlandsmarkaður er ofmetinn um sem nemur nærri 2 milljónum lítrum. Þetta þarf að leiðrétta með breytingum á sk. Ríkisstuðlum sem eru til umreiknings m.a. á sölu mjólkurvara yfir í mjólk frá framleiðendum. Sú breyting fer fram á vegum Framkvæmdanefndar búvöru-samninga.


Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2021, 2022 og 2023 (vikur 1-37).



Tafla 1. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. ágúst 2023.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	ágúst mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	22.309.205	24.695.459	26.113.588	-16,49	-10,07	-19,11
Innvegin mjólk	12.774.470	39.134.176	150.819.158	1,22	2,94	2,97
Seldar afurðir	12.104.292	35.034.179	131.683.606	2,89	2,95	4,16
Útlutningur	1.916.428	7.364.230	25.558.798	27,57	28,75	-1,33
Birgðir í lok	21.505.328	21.505.328	21.505.328	-17,65	-17,65	-17,65
Mismunur	-442.372	-74.102	-1.814.985	862,68	-80,83	-670,83
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	26.960.582	25.609.141	24.385.790	8,83	5,14	-13,73
Innvegin mjólk	12.774.470	39.134.176	150.819.158	1,22	2,94	2,97
Seldar afurðir	13.264.862	38.252.667	149.206.558	0,72	0,76	1,74
Útlutningur	59.739	297.418	1.238.964	69,44	145,33	-66,79
Birgðir í lok	26.938.096	26.938.096	26.938.096	10,47	10,47	10,47
Mismunur	-527.645	-744.864	-2.178.669	168,67	657,83	7524,66

Útlutningur á mjólk miðað við prótein nam um 25,6 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 1,2 milljónum lítra. Útlutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið vel á árinu og hefur verið hægt að flytja út jafnóðum eftir þörf. Birgðastaða er góð miðað við árstíma.



Baldvin Þór Davíðsson í Lágafellsskóla gerði þessa mynd.

Alþjóðlegi skóla- mjólkurdagurinn Teiknisam- keppni fyrir fjórða bekk


Alþjóðlegi Skólarmjólkurdagurinn er árlegur viðburður sem haldinn er hátíðlegur víða um heim síðasta miðvikudag septembermánaðar og hér á landi markar dagurinn upphaf árlegrar teiknisamkeppni sem öllum 4. bekkungum stendur til boða að taka þátt í.

Samkeppnin hefur notið mikilla vinsælda meðal nemenda og kennara um árabil, en menntamálaráðherrar hafa í gegnum tíðina talað um mikilvægi keppinnar og tekið þátt í vali á verðlaunamyndunum undanfarnin ár. Líkt og áður er það stofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO (Food and Agriculture Organization) sem hvetur til hátíðarhalda á þessum degi.


Rúmlega 1.200 myndir frá 60 skólum um land allt bárust í keppnina á síðasta skólaári en tíu myndir eru verðlaunaðar með 40.000 kr. peningagjöf frá MS, sem rennur óskipt í bekkjarsjóð viðkomandi, og geta nemendur þannig nýtt upphæðina til að gera sér smá dagamun í samvinnu við umsjónakennara. Það verður spennandi að sjá hvað margar myndir berast að þessu sinni en skilafrestur mynda er til 12. janúar 2024 og verða úrslit kynnt í mars.




Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2021 – 2023.



Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2020 – 2023



Mynd 4 Þróun ostabirgða 2020 - 2023 (26% og 17%).



Birgðir mjólkurvara

Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2021 - 2023, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi m.v. árstíma. Myndir 3 - 6 sýna birgðaþróun helstu flokka mjólkurvara 2020 - 2023.


Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjörbirgðir voru um 666 tonn í lok ágúst s.l., minnkuðu um 16 tonn í ágúst en jukust um 116 tonn milli ára. Vegna aukinnar eftirspurnar eftir smjöri hafa birgðir verið auknar til að búa í hagin fyrir væntanlega sölu í aðdraganda jóla. Birgðir af smjöri eru í mjög góðu jafnvægi í öllum vörunúmerum. Óhafin útlutnings-

skylda sem innifalin er í smjörbirgðum er óveruleg m.v. það sem oft hefur verið áður og mun ekki vera nein vandkvæði á að uppfylla þá útlutningsskyldi bæði fyrir það lítila magn sem ólokið er vegna síðasta árs og einnig yfirstandandi árs.

Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir áfram í mjög góðu jafnvægi. Þær hafa á síðustu mánuðum verið nálægt 1.130 tonn-um að jafnaði. Í lok ágúst voru birgðirnar 1.132 tonn og jukust um 1 tonn í mánuðinum og um 1 tonn á síðustu 12 mánuðum. Vel er fylgst með þessum birgðum og er brugðist við um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflökki.

Mozzarellaostur hefur verið notaður til birgðastýringar en jafnframt er gætt þess að ávallt séu til ákveðnar öryggisbirgðir af honum. Ákveðið var að auka öryggisbirgðirnar til að búa í hagin fyrir innvigtunarlægstu mánuðina og tvöfölduðust birgðirnar í ágúst.


Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2020 – 2023



Mynd 6 sýnir birgðapróun á undanrennudufti. Birgðirnar eru jafnar og er haldið á bilinu 200 – 300 tonn. Undanrennuduft er flutt út jafn óðum og birgðir hafa náð ákveðnu marki. Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts.

/JKB

Mynd 6 Þróun birgða á undanrennudufti 2020 – 2023



Engjabykkni og Nóa Kropp eru nýjasta par landsins

Loksins, loksins getum við sagt frá skemmtilegu samstarfsverkefni MS og Nóa Síríus en þessi tvö rótgrónu íslensku fyrirtæki hafa tekið sig saman og sett á markað nýja vöru sem aðeins verður á markaði í takmarkaðan tíma. Engjabykkni með Nóa smá Kroppi inniheldur dúnmjúka og dásamlega vanillujógúrt með litlum, stökkum súkkulaði kornkúlum en um er að ræða fyrstu sérútgáfuna af Engjabykkni og var Nóa smá Kroppið sérstaklega framleitt fyrir hana.

„Við höfum beðið spennt eftir að setja þessa ljúffengu vöru á markað en Engjabykkni með Nóa smá Kroppi verður án efa eftirlætis eftirréttur margra í haust,“ segir Halldóra Arnardóttir, markaðs- og vöruflokkastjóri hjá



MS. „Vöruþróunin gekk vel og smakkfundirnir voru vel sóttir,“ segir Halldóra með bros á vör og bætir við að báðum aðilum hafi þótt einstaklega gaman að sjá umbúðirnar taka á sig mynd og vörumerkin tvö tvinnast saman á svona litríkan og skemmtilegan hátt. Helga Beck, markaðsstjóri Nóa Síríus, segir að samstarfið komi á afar skemmtilegum tímamarki: „Í ár fögnum við fjórutíu ára afmæli Nóa Kropps og því er sérstaklega gaman að fara með þetta klassíska vörumerki á nýjar slóðir í samstarfi við Engjabykkni, annað rótgróið og sívinsælt vörumerki.“

Við vonum að landsmenn taki þessari skemmtilegu nýjung vel og leyfi sér smá eftirrétt við fyrsta tækifæri.

MS styrkti starfsfólk og góðgerðafélög um 240.000 kr.

Mjólkursamsalan lagði sitt af mörkum í áheitasöfnuninni fyrir Reykjavíkumaraþonið sem haldið var í 39. sinn þann 19. ágúst sl. MS hét á þá starfsmenn fyrirtækisins sem tóku þátt í hlaupinu og fékk hver starfsmaður sem hljóp 20.000 kr. áheiti til handa góðgerðafélagi að eigin vali, óháð vegalengd sem hlaupin eða gengin var.

12 starfsmenn skráðu sig til leiks og styrkti MS fimm góðgerðafélög um samtals 240.000 kr. Félögin sem starfsmenn hlupu fyrir að þessu sinni voru Minningarsjóður Egils Hrafns, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Slysavarnafélagið Landsbjörg, HD-samtökin á Íslandi og Félag Úkraínumanna á Íslandi.

Við erum stolt af starfsfólkinu okkar og fundum fyrir mikilli jákvæðni og gríðarlegu þakklæti fyrir þetta framtak.



Ostakörfur MS eru gómsætar jólagjafir

Ostakörfurnar frá MS eru sannkallaðar sækera gjafir sem henta sérstaklega vel þegar gleðja á starfsmenn, viðskiptavinum, fjölskyldu eða vini. „Ostakörfurnar okkar hafa lengi verið vinsælar í tækifæris- og jólagjafir enda er falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum og öðru góðgæti einstaklega gómsæt gjöf sem gleður í aðdraganda jólnanna eða yfir hátíðarnar“ segir Guðbjörg Helga markaðs- og vöruflökkastjóri osta hjá MS.

„Líkt og undanfarin ár er boðið upp á margar stærðir og gerðir, en við létum sérhanna pappakörfur og gjafakassa sem eru skreyttar með fjórum íslenskum jurtum sem finnast víða um landið. Við erum við alveg hætt með gömlu góðu bastkörfurnar“ segir Guðbjörg ennfremur.

Allir ættu því að geta fundið gjöf við hæfi. Í öllum körfunum eru mygluostar úr Dölunum í aðalhlutverki, t.d. Camembert og Kastali og þeim fylgar eftir því sem körfurnar stækka. Stærri og veglegri körfurnar innihalda enn fremur aðra bragðgóða og dýrari osta eins og Auði, Gullost og Tind, ásamt kjötpylsu og sælgæti og er óhætt að segja að þær hafi verið mjög vinsælar hjá íslenskum fyrirtækjum síðustu ár.

Verið er að undirbúa opnun á nýrri vefverslun með ostakörfur sem opnar á næstu vikum. Þangað til er hægt að hafa samband við sölufulltrúa eða senda fyrirspurnir á ostakorfur@ms.is

Mjólkursamsalan er framúrskarandi fyrirtæki 2023

Mjólkursamsalan hlaut á dögunum útnefninguna *Framúrskarandi fyrirtæki 2023* og er óhætt að segja að við séum stolt yfir þessari miklu viðurkenningu en aðeins 2% fyrirtækja teljast framúrskarandi. Framúrskarandi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera stöðug fyrirtæki sem byggja rekstur sinn á sterkum stöðum og efla hag allra. Að baki viðurkenningarinnar liggur bæði mikill undirbúningur og markviss vinna enda eftirsóknarvert að komast í þennan góða hóp íslenskra fyrirtækja.

Til þess að teljast framúrskarandi þurfa fyrirtækin að uppfylla ströng skilyrði sem sett eru fram af Creditinfo og leggur MS mikinn metnað í að

standast þær kröfur sem til okkar eru gerðar. Fyrirtæki þurfa t.a.m. að hafa skilað ársreikningi til RSK á réttum tíma, vera í lánshæfisflokki 1-3, hafa sýnt jákvæðan rekstrarhagnað (EBIT) auk jákvæðrar ársniðurstöðu árin 2020-2022 og eiginfjárlutfall þarf að lágmarki að hafa verið 20% síðustu tvö ár. Til viðbótar þurfa stærri fyrirtækin að standast ákveðnar kröfur um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni til að vera gjaldgeng á listann.

Um leið og við þökkum Creditinfo fyrir okkur viljum við óska öllum fyrirtækjunum sem fengu samskonar viðurkenningu innilega til hamingju með árangurinn.



Eggert Aðalsteinn Antonsson að dæma osta í MS Búðardal. Þarna er hann að skoða og dæma mygluosta. Ljósmynd: Ólafur Ragnarsson.

Dalaostar fá nýtt útlit



Camembert og Höfðingi munu á næstu vikum birtast í umbúðum með nýju útliti. Ostarnir eru enn sömu góðu Dala-ostarnir. Pökkun er hafin á Camembert en þessi breyting er þó nokkur frá fyrra útliti.



Höfðingi er síðan væntanlegur í nóvember í uppfærðu útliti umbúða sem hafa verið poppaðar aðeins upp.



Sigurður Björgvin Helguson við framleiðslu á Cheddar osti í MS Búðardal.

Ísey skyr Crème brûlée vann sérstök heiðursverðlaun

Ísey skyr Crème brûlée vann sérstök heiðursverðlaun á matvælasýningunni International Food Contest sem haldin var í Herning í Danmörku í byrjun október. Ísey skyr Crème brûlée var valin Besta mjólkurvaran í flokki neysluvara (International Food Contest – Konsum kategori) og sigraði þann flokk með glæsibrag. Þetta er í fjórða sinn sem íslensk vara hlýtur þessi eftirsóttu verðlaun en MS vann þau árið 2017 fyrir Ísey skyr með bökuðum eplum, 2012 fyrir Kókómjólk og 2022 fyrir Ísey skyr Crème brûlée. Til viðbótar unnu Ísey skyr með kókos, Ísey skyr með jarðarberjum og hvítu súkkulaði og KEA skyr með jarðarberjum og banana til gullverðlauna og Ísey skyr skvísur með bláberjum og KEA skyr með saltkaramellu til bronsverðlauna. Til hamingju við öll!



Þetta er í fjórða sinn sem íslensk vara hlýtur þessi eftirsóttu verðlaun

Úrslitaleikur í Mjólkurbikar kvenna fór fram á Laugardalsvelli 11. ágúst en þar mættust lið Víkinga R. sem situr í efsta sæti í Lengjudeild kvenna og lið Breiðablik sem er í titilbaráttu Bestu deildarinnar. Breiðablik þótti sigurstranglegra fyrir leikinn en Víkingskonur mættu á völlinn fullar sjálfstrausts og leikgleðin skein úr hverju andliti. Víkingssliðið var gríðarlega vel stemmt og gerði sér lítið fyrir og vann leikinn 3-1. Með sigrinum skrifaði Víkingur nafn sitt í sögubækurnar en þetta er í fyrsta skipti sem liðið hampar bikarmeistaratitli kvenna og í fyrsta sinn sem lið utan efstu deildar lyftir bikarnum eftirsóttá. Til að toppa daginn var áhorfendamet í bikarúrslitum kvenna slegið á leiknum en stuðningsmenn beggja liða voru til mikillar fyrirmyndar og héldu uppi frábærri stemningu í stúkunni.

Á sama tíma og við óskum Víkingi til hamingju með sögulegan sigur viljum við þakka öllum liðunum sem tóku þátt í Mjólkurbikar kvenna fyrir frábæra fótoltaveislu í allt sumar. Mjólkurbikarinn er stærsta einstaka samfélagsverkefni Mjólkursamsölunnar og við gætum ekki verið stoltari af öllum þeim stóra hópi fólks sem kemur að verkefninu um allt land með einum eða öðrum hætti.

Mjólkin gefur styrk.

Fossvogshlaup Hleðslu var valið götuhlaup ársins 2022



Nú í ár var hlaupið haldið fimmtudaginn 24. ágúst og var góð þátttaka, um 600 manns. Hlauparar gátu valið milli tveggja hlaupaleiða, 5 eða 10 km. Dj Dóra Júlía var á svæðinu, Klói og sterkustu hlauparar landsins létu sjá sig. Eftir hlaupið var hlaupurum og stuðningsfólki boðið upp á köku, osta og Hleðslu.

Sögulegur sigur og Víkingur R. Mjólkurbikarmeistari kvenna



Víkingskonur fagna sögulegum sigri.



Halldóra, markaðs- og vöruflökkastjóri ferskvara, afhendir verðlaunafé.

Víkingur Mjólkurbikarmeistari karla 2023

Víkingur er Mjólkurbikarmeistari karla 2023 eftir 3-1 sigur gegn KA.

Víkingur náði forystu á 38. mínútu með marki frá Matthíasi Vilhjálmssyni. Aron Elís Þrándarson kom Víkingum í 2-0 með marki á 72. mínútu. Á 82. mínútu minnkaði Ívar Örn Árnason muninn fyrir KA menn en Ari Sigurpálsson innsiglaði sigur Víkinga á 84. mínútu.

Er þetta í fjórða skiptið í röð sem Víkingur hampar titlinum og hafa þeir verið handhafar titilsins síðan 14. september 2019. Enginn meistari var

krýndur árið 2020.

Á sama tíma og við óskum Víkingi til hamingju með sigur viljum við þakka öllum liðunum sem tóku þátt í Mjólkurbikar karla fyrir frábæra fótoltaveislu í allt sumar. Mjólkurbikarinn er stærsta einstaka samfélagsverkefni Mjólkursamsölunnar og við gætum ekki verið stoltari af öllum þeim stóra hópi fólks sem kemur að verkefninu um allt land með einum eða öðrum hætti.

Mjólkin gefur styrk.



TÍMI TIL AÐ NJÓTA OSTA

Ostóber



GLEÐILEGAN OSTÓBER!



Frostrós 20+

er tignarlegur ostur sem hefur fengið að þroskast í 20 mánuði. Hann er mildur í grunninn en með þroskuðum tónum sem kitla bragðlaukana.

Dala Auður með chili

Bragðlaukarnir fara í stórkostlegt ferðalag. Osturinn er millisterkur.



Dala Stout Gráðastur

þroskaður í Garúnu frá Borg Brugghúsi. Bragðið er sætt og litað bragðtónum af mildum gráðast og brögðóttu súkkulaði, kaffi og lakkrís.

Hektor með jalapeño

er mildur ostur, bragðbættur með rauðum og grænum jalapeño. Hektor er hógvær og laus við allan æsing en undir niðri leynist kraumandi eftirbragð.

